



17. september 2021
Tilv.: 2107092

Númer: 51/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar.

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi (ESMA35-43-1163 Guidelines on certain aspects of MiFID II suitability requirements). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að stuðla að meiri samleitni í túlkun á ákvæðum er varðar mat á hæfi.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[esma35-43-1163_guidelines_on_certain_aspects_of_mifid_ii_suitability_requirements_0.pdf](#)
(europa.eu)

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Í 44. gr. laganna er kveðið á um mat á hæfi þegar verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingarráðgjöf eða annast eignastýringu. Einnig er fjallað um mat á hæfi í 54. og 55. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun. Reglugerðin var innleidd með lögum nr. 115/2021, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna. Umræddar viðmiðunarreglur eru nánari útfærsla á ákvæðunum.

Viðmiðunarreglurnar eiga við þegar verðbréfafyrirtæki veita fjárfestingarráðgjöf eða annast eignastýringu í tilviki almennra fjárfesta. Þá gilda þær jafnframt eftir því sem við á, þegar framangreind fjárfestingarþjónusta er veitt fagfjárfestum, sbr. 3. tl. 54. gr. reglugerðar 2017/565.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í eftirfarandi þætti:

1. Upplýsingar til viðskiptavina um tilgang mats á hæfi.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvernig upplýsa eigi viðskiptavinum um tilgang og markmið mats á hæfi og tryggja að viðskiptavinurinn skilji hlutverk og ábyrgð fyrirtækisins hvað varðar mat á hæfi, þ.m.t. ástæður og mikilvægi upplýsingaöflunar í tengslum við matið.

2. *Þekktu viðskiptavininn og vöruna.*

a. *Nauðsynlegt fyrirkomulag til að skilja og þekkja viðskiptavininn.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um nauðsynlegt fyrirkomulag og verklag til að tryggja skilning á helstu staðreyndum og eiginleikum viðskiptavina og að upplýsingum sé safnað með samræmdum hætti innan fyrirtækisins.

b. *Umfang upplýsinga sem safnað er frá viðskiptavinum.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um umfang upplýsinga sem aflað er frá viðskiptavini út frá eiginleikum fjárfestingarráðgjafarinnar sem veita á eða eignastýringarinnar.

c. *Áreiðanleiki upplýsinga frá viðskiptavini.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um nauðsynleg skref og tæki til að tryggja að upplýsingar sem safnað er um viðskiptavini séu áreiðanlegar og samræmdar án þess treysta eingöngu á sjálfsmat viðskiptavinarins.

d. *Uppfærsla á upplýsingum um viðskiptavini.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvaða hluta upplýsinga frá viðskiptavinum ætti að uppfæra reglulega og hvernig það skuli gert.

e. *Upplýsingaöflun í tengslum við lögaðila og hópa.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvernig framkvæma skuli mat á hæfi þegar um er að ræða lögaðila eða hóp einstaklinga.

f. *Nauðsynlegt fyrirkomulag til að skilja fjárfestingarvöru.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvernig tryggja megi að innleiðing á stefnum og verklagsreglum sem ætlað er að tryggja skilning á einkennum, eðli og eiginleikum (þ.m.t. kostnað og áhættu) fjárfestingarvöru geri fyrirtækinu kleift að mæla með viðeigandi fjárfestingum eða fjárfesta í viðeigandi vörum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

3. *Þjóða vöru við hæfi.*

a. *Nauðsynlegt fyrirkomulag til að tryggja að fjárfesting henti.*

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvernig tryggja megi að viðskiptavinum séu boðnar vörur við hæfi og hvaða þátta eigi að taka tillit til við mat því hvort að varan hæfi viðkomandi viðskiptavin.

b. *Kostnaður og flækjustig jafngilda fjárfestingakosta.*

Aðilar ættu, áður en fjárfestingarráðgjöf er veitt eða fjárfest er fyrir hönd viðskiptavinar á grundvelli eignastýringar í tilteknum fjármálagerningi, að meta hvort aðrir fjárfestingarkostir komi til greina þar sem tekið er mið af m.a. kostnaði og flækjustigi.

c. Kostnaður og ávinningur af því að breyta um fjárfestingu.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um viðeigandi stefnur og verklagsreglur til að tryggja greiningu á kostnaði og ávinning af því að breyta um fjárfestingu.

4. Aðrar kröfur.

a. Hæfni starfsfólks.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um þá hæfni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem þeir starfsmenn sem koma að mati á hæfi ættu að búa yfir.

b. Skráning.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um skráningu og varðveislu upplýsinga sem varða mat á hæfi.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglunum við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,


SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri

markaðir og viðskiptahættir



Inga Dröfn Benediktsdóttir

forstöðumaður

markaðir og viðskiptahættir